

Mál nr. 348/2016

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifr. A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifr. B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði.**Gögn.**

Málskot, móttakið 25.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 4.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 14.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 2. september 2016 var bifreiðunum A og B ekið um hringtorg á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði. Er B var ekið út úr hringtorginu áleiðis suður Reykjanesbraut rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Lækjargötu og farið inn á hægri akrein (ytri hring) hringtorgsins og hafi hann ætlað út úr hringtorginu austur Hlíðarberg. Hann kvaðst hafa verið búinn að sjá til ferða B á ytri akrein en svo hafi vírst sem ökumaður hennar hafi skipt um akrein og verið á innri akreininn er hann ætlaði út úr hringtorginu áleiðis suður Reykjanesbraut.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Reykjanesbraut og ekið inn í hringtorgið á ytri (hægri) akrein og ætlað áfram suður Reykjanesbraut. Hann hafi verið fyrir framan A og er hann hafi beygt út úr hringtorginu hafi A verið ekið inn í hlið B.

Álit.

Báðir ökumenn segjast hafa verið á hægri akrein (ytri hring), þegar árekstur varð, og A var ekið á eftir B. Ökumanni A sýndist að B hafi verið komin í innri hring er henni var beygt út úr hringtorginu. Tiltölulega stutt vegalengd er í hringtorginu frá gatnamótum Lækjargötu að gatnamótum Reykjanesbrautar til suðurs. Ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð í hringtorginu er hann ók inn á hægri akrein hringtorgsins auk þess sem leið hans lá yfir brotna akreinalínu er hann ók yfir akstursleiðina út úr hringtorginu suður Reykjanesbraut. Þegar til þessa er litið og þess sem ökumenn hafa borið um tildrög árekstursins hefur ökumaður A sönnunarbyrðina um það að aksturslag ökumanns B hafi verið með þeim hætti að hann hafi ekki þurft að taka tillit til ferða B er hann ók um hringtorgið áleiðis að Hlíðarbergi þar sem hann ætlaði út úr hringtorginu. Sú sönnun hefur ekki tekist og því verður ökumaður A talinn eiga sök á árekstrinum með því að hafa við óforsvaranlegar aðstæður ætlað að aka hægra megin fram fyrir B í þann mund sem henni var ekið út úr hringtorginu. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu er ekki tilefni til að fella sök á ökumann B. Ber ökumaður A því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Hjörleifur Gíslason lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.